

Mál nr. 309/2016**M og****vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum málskostnaðartryggingar.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 21.9.2016 ásamt gögnum.
2. Bréf V, dags. 5.10.2016.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 11.10.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að M hefur stefnt X til greiðslu launa, kostnaðar og skaðabóta. Í stefnunni kemur fram að kröfur séu byggðar á því að X hafi ekki staðið við samkomulag um ráðningu M til starfa sem flugliði hjá fyrirtækinu.

M hefur kafið V um bætur úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar vegna umrædds ágreinings við X en fyrrnefnd stefna var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 20. september sl. M telur að undanþáguákvæði í gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum V eigi ekki við, en þar segi orðrétt að félagið bæti ekki málskostnað í málum „sem varði atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“ Þegar það ákvæði sé lesið skv. orðanna hljóðan sé hægt að skilja það þannig að átt sé við atvinnurekstur vátryggðs en ekki atvinnu. V beri hallann af óskýru orðalagi vátryggingarskilmála og vísar M til lögfræðiorðabókar Codex varðandi mismunandi skýringar á orðinu atvinna og atvinnurekstur. Ágreiningur M sé ekki vegna atvinnureksturs hennar og telur hún að fyrrnefnt undanþáguákvæði í gr. 25.5 eigi ekki við.

V telur að undanþáguákvæði gr. 25.5 í vátryggingarskilmálum eigi við samkvæmt orðanna hljóðan og þar sé alveg skýrt að félagið takmarki ábyrgð sína við ágreining vegna atvinnu vátryggðs annars vegar og embættisreksturs hans hins vegar. Málatilbúnaður M gagnvart X sé vegna þess að M fékk ekki starf hjá fyrirtækinu og sé því yfir allan vafa hafið að um sé að ræða ágreining sem varðar atvinnu hennar.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Orðalag gr. 25.5, „Vátryggingin bætir ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.“, er skýrt og þykir vera yfir hinn minnsta vafa hafið að ágreiningur M við X. sé vegna atvinnu hennar, sbr. kafa um greiðslu launa, útlagðs kostnaðar vegna starfs og skaðabætur vegna ætlaðrar riftunar á starfssamningi. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 25. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.